

# SKIPULAGSSKRÁ

## fyrir Þyrlukaupasjóð.

### 1. gr.

#### *Heiti.*

Sjóðurinn heitir Þyrlukaupasjóður. Sjóðurinn stundar ekki atvinnurekstur. Verndari hans er Öldungaráðið, sem er félag fyrrverandi starfsmanna Landhelgisgæslunnar og Sjósmælinga Íslands, sextugra og eldri.

### 2. gr.

#### *Heimilisfang.*

Sjóðurinn hefur lögheimili hjá höfuðstöðvum Landhelgisgæslu Íslands í Reykjavík.

### 3. gr.

#### *Markmið.*

Markmið sjóðsins er að vera vettvangur allra landsmanna til að efla öryggi lands og þjóðar með því að safna fé til kaupa/leigu á björgunarþyrlu fyrir Landhelgisgæsluna eða til kaupa á nauðsynlegum búnaði um borð í björgunarþyrluna eða búnaði fyrir áhafnir. Þetta er gert til að stuðla að því að Landhelgisgæslan eigi sem bestan búnað til þess að bjarga sjófarendum og loftförum á björgunarsvæði Íslands auk leitar og björgunar á landi.

### 4. gr.

#### *Stofnendur.*

Stofnandi sjóðsins er Öldungaráðið, félag fyrrverandi starfsmanna Landhelgisgæslunnar og Sjósmælinga Íslands, kt. 701210-0180, nú til heimilis að Suðurlandsbraut 62, 108 Reykjavík.

### 5. gr.

#### *Stofnfé.*

Stofnfé er framlag Öldungaráðsins, 2.000.000 kr. sem það fékk að gjöf frá Ásatrúarfélaginu 12. maí 2012 en það er framlag Ásatrúarfélagsins í söfnun til kaupa/leigu á þyrlu fyrir Landhelgisgæslu Íslands eða búnaðar í björgunarþyrlu.

Sjóðurinn ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim verðmætum er hann kann að eignast síðar. Stofnendur hafa engin sérréttindi í sjóðnum.

### 6. gr.

#### *Stjórn.*

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum. Stjórn sjóðsins skipa formaður Öldungaráðsins á hverjum tíma, framkvæmdastjóri rekstrarsviðs Landhelgisgæslunnar og flugrekstrarstjóri Landhelgisgæslunnar svo lengi sem þeir gegna því starfi. Við stofnun sjóðsins eru þeir:

Guðjón Petersen, kt. 201138-2489, formaður Öldungaráðsins.

Sólmundur Már Jónsson, kt. 130665-4549, framkvæmdastjóri rekstrarsviðs Landhelgisgæslunnar.

Sindri Steingrímsson, kt. 160369-4509, flugrekstrarstjóri Landhelgisgæslunnar.

Framkvæmdastjóri rekstrarsviðs Landhelgisgæslunnar hefur prókúru á reikning sjóðsins, ber ábyrgð á fjárvörslu og er formaður stjórnar.

Stjórnin sjálf skiptir með sér verkum. Stjórnin stýrir öllum málefnum sjóðsins og kemur fram út á við fyrir hönd hans. Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi hans sé jafnan í réttu og góðu horfi. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda sjóðinn. Stjórn sjóðsins getur veitt umboð fyrir hönd sjóðsins.

Stjórnarfundir eru lögmatir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi fjallað um málið, sé þess nokkur kostur. Halda skal fundargerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum.

## 7. gr.

*Fundarboðun.*

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda eða felur framkvæmdastjóra það verk. Hver stjórnarmaður getur krafist þess að stjórnarfundur sé haldinn. Aðalfundur skal haldinn eigi síðar en 31. maí ár hvert og að honum loknum skal senda Ríkisendurskoðun reikninga til endurskoðunar. Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

## 8. gr.

*Aðrar stjórnareiningar.*

Stjórn sjóðsins er heimilt að ráða framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri á rétt til setu á stjórnarfundum þótt hann sé ekki stjórnarmaður en hann fer þó ekki með atkvæðisrétt. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur stofnunarinnar, sem þeir kunna að óska eftir og veita ber samkvæmt lögum.

## 9. gr.

*Endurskoðendur.*

Ríkisendurskoðun annast endurskoðun reikninga sjóðsins fyrir hvert starfsár. Endurskoðendur má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna sjóðsins.

## 10. gr.

*Reikningsárið.*

Reikningsárið er almanaksárið og er fyrsta reikningstímabil frá stofnun sjóðsins og til næstu áramóta.

## 11. gr.

*Breyting samþykktá, slit og sameining.*

Til þess að breyta skipulagsskrá þessari, sameina sjóðinn öðrum sjóði eða sjálfseignarstofnun eða leggja hann niður þarf samþykki allra stjórnarmanna sjóðsins. Slíkt skal svo borið skriflega undir embætti sýslumannsins á Sauðárkróki. Komi til niðurlagningar sjóðsins skal hreinni eign hans varið til markmiða sem greind eru í 3. gr. hér að framan eða skyldra markmiða.

## 12. gr.

*Staðfesting.*

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Sauðárkróki á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 25. september 2012.*

**Ríkarður Másson.**

*Björn Ingi Óskarsson.*